

Nóvember 2021

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
HEILBRIGÐISSTOFNUNAR

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Patreksfirði

Allar áætlanir

Í nýjustu útgáfu er að
finna á sameignardrifi
undir „Viðbragðsáætlun“



Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Patreksfirði
Almannavarnadeild RLS
Landlæknir

Viðbragðsáætlun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á suðursvæði (Patreksfirði)

Nóvember 2021

Yfirferð og breytingar:

Bráðanefnd

- Gerður Rán Freysdóttir, hjúkrunarstjóri á Patreksfirði
- Lilja Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri legudeildar á Patreksfirði
- Jón B G Jónsson læknir
- Hermann Grétar Jónsson, rekstrarstjóri Patreksfirði
- Gylfi Ólafsson forstjóri

0. Innihald

0.	Innihald.....	3
1.	Formáli.....	4
2.	Staðhættir.....	5
3.	Skammstafanir og orðskýringar.....	8
4.	Virkjun áætlunar og boðun	10
5.	Stjórnkerfi.....	11
6.	Starfssvæði	17
7.	Áhættumat stofnunar.....	18
8.	Verkefni starfsfólks.....	19
9.	Samskiptaleiðir	35
10.	Kort og myndir.....	38
11.	Dreifingarlisti	42
12.	Breytingasaga	42
13.	Tegundir slysa.....	43

1. Formáli

Þessi viðbragðsáætlun er gerð eftir forskrift Landlæknisembættisins, almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans og Landspítala. Tilgangurinn með henni er að samræma þá lykilþætti sem viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnanna þurfa að innihalda, þannig að þær séu sem líkastar að uppsetningu.

Samkvæmt 15. grein laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra að gera viðbragðsáætlanir sem skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

Ábyrgð á viðbragðsáætluninni er á höndum hjúkrunarstjóra á Patreksfirði fyrir hönd forstjóra. Skal áætlunin vera lögð til umsagnar og samþykktar til Landlæknisembættisins, almannavarnanefndar og almannavarnardeildar ríkislögreglustjórans. Umsagnaraðilar skulu leitast við að skila umsögn og samþykkt innan eins mánaðar frá móttöku fullunninnar áætlunar.

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan heilbrigðisstofnunarinnar í kjölfar atburðar sem kallar á aukin viðbrögð hennar og fellur undir sveitarfélagamörk Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Efni tengt Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði (HVEST) er unnið af bráðanefnd stofnunarinnar á Patreksfirði.

Önnur aðskilin áætlun er til fyrir norðursvæði umdæmisins, það er Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík.

Ábyrgð á viðbragðsáætluninni er á höndum hjúkrunarstjóra á Patreksfirði fyrir hönd forstjóra. Hefur áætlunin verið send til umsagnar og samþykkt af Landlæknisembættinu, almannavarnanefnd og almannavarnardeild ríkislögreglustjórans. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan stofnunar. Ef miklar breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Þetta er fyrsta áætlunin sem gerð er fyrir þetta svæði sérstaklega, en í nokkur ár hefur verið til áætlun fyrir norðursvæðið.

Áætlunin er vistuð á vefsíðu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða: www.hvest.is.

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Patreksfirði 23. nóvember 2021

Gylfi Ólafsson
forstjóri

Gerður Rán Freysdóttir
hjúkrunarstjóri

2. Staðhættir

Staðsetning og skilgreining stofnunar.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) á Patreksfirði er staðsett Stekkum 1, fyrir miðju Patreksfjarðarbæjar, uppi í hlíð. Þar er umdæmissjúkrahús fyrir sunnanverða Vestfirði og heilsugæslustöð. Þar er almenn bráðabjónusta veitt og rannsóknir teknar. Utan dagvinnu er legudeild mönnum með sjúkraliðum og/eða ófaglærðu starfsfólki, auk bakvakta hjúkrunarfæðinga og heilsugæslulækna.

Heimilisfang: Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Stekkum 1, 450 Patreksfirði. Sími: 450 200. Heimasíða: www.hvest.is.

Helstu vegir sem liggja að stofnuninni.

Sjúkrahúsið á Patreksfirði við aðra aðalgötu bæjarins sem liggur í gegnum bæinn, uppi í hlíð með snjóflóðavarnargarð fyrir ofan bygginguna.

Akstursleiðir frá Reykjavík eru tvær:

- Um Bröttubrekku, gegnum Búðardal, Svínadal og í vesturátt yfir Hjallaháls, Ódrjúgsháls, Klettsháls, Barðaströnd og Kleifarheiði.
- Yfir Breiðafjörðinn með ferju að Brjánslæk og yfir Kleifaheiði.

Frá Ísafirði er keyrt í gegnum Vestfjarðagöng, yfir Gemlufallsheiði, um Dýrafjarðargöng, yfir Dynjandisheiði og niður í Vatnsfjörð, þaðan yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar. Vegurinn af Dynjandisheiði um Trostansfjörð, Reykjarfjörð og Fossfjörð er ekki opinn á veturna og oft í slæmu ástandi að vori (skrifað 2021, framkvæmdir eru fyrirhugaðar á svæðinu).

Byggðakjarnar, hafnir og flugvellir á svæðinu

Sjá myndir á bls. 39.

Byggðakjarnar eru á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal. Hafnir eru í öllum byggðakjörnum.

Flugvöllur er í Fossfirði í Arnarfirði. Fara þarf framhjá Bíldudal yfir tvo fjallvegi, Mikladal og Hálfán frá Patreksfirði, um 35–40 mín akstur. Þyrfa Landhelgisgæslunnar getur lent á Patreksfirði, gjarnan niðri á höfn. Flugvöllur er á Ísafirði í 150 km. fjarlægð.

Næsta sjúkrahús miðað við akstur er á Ísafirði (150 km.)

Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á suðursvæði

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á suðursvæði sinnir allri heilbrigðisþjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum frá sunnanverðum Arnarfirði, Tálknafirði, Patreksfirði og Barðaströnd austur í Kjálkafjörð.

Sjúkra- og hjúkrunarsvið

Á Patreksfirði er heilsugæsla og Legudeild með 11 hjúkrunarrýmum og tveimur sjúkrarýmum. Bakvaktir læknis og hjúkrunarfræðings er allan sólahringinn vegna bráðabjónustu.

- Rannsóknastofa þar sem hægt er að mæla CRP, Status og TnT. Aðrar rannsóknir eru sendar á Ísafjörð eða LSH í Reykjavík til greiningar.

- Hjúkrunarheimilið á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða Patreksfirði (11 rúm).
- Starfsmenn eru um 45.

Heilsugæslusvið

Miðstöð heilsugæslu og sjúkradeildin og hjúkrunarheimilið. Heilsugæslustöðin er opin alla virka daga og sinnir heilsugæslulæknir bakvöktum þess utan.

Á Tálknafirði er heilsugæslustöð opin dagspart í viku með lækni frá Patreksfirði.

Á Bíldudal er heilsugæslustöð opin dagspart í viku með lækni frá Patreksfirði.

Öll vaktþjónusta vegna heilsugæslu á suðursvæði HVEST er frá Patreksfirði.

Sjúkraflutningar eru reknir frá Patreksfirði. Tveir eru á bakvakt á hverjum tíma og í heildina eru 9 menntaðir sjúkraflutningamenn á svæðinu.

Starfsmenn

Starfsheiti:	Fjöldi starfsmanna
Heilsugæslulæknar, verktakar	1
Hjúkrunarfræðingar	2-3
Sjúkraliðar	2
Ófaglærðir á við aðhlynningu	10-12
Sjúkraþjálfarar	1
Eldhús	4
Rekstrarstjóri	1
Móttökuritarar	1-2
Ræsting og þvottar	2-3
Sjúkraflutningar	2 á bakvakt

Um samstarf milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar

Starfsstöðin á Patreksfirði er faliðuð fagmenntuðu fólki. Það er því ljóst að ekki er hægt að sinna miklu á staðnum heldur þarf að kalla til bæði hjálp frá Reykjavík, t.d. í formi þyrllu Landhelgisgæslunnar, og frá Ísafirði.

Þegar viðbragðsáætlunin er virkjuð þarf að meta að hversu miklu leyti liðsstyrkur frá Ísafirði kemur að notum. **Ferðatíminn er tvær klukkustundir** og þó símasamband sé stóran hluta leiðarinnar nýtist sá tími lítið í annað. Þetta geta einkum verið forstjóri og aðrir í framkvæmdastjórn, læknar, hjúkrunarfræðingar (m.a. skurð- og svæfingahjúkrunarfræðingar), geislafræðingar og lífeindafræðingar.

Betra er að senda frekar fleiri bíla en færri, því ekki geta mál tekið lengri tíma að gera upp en ætla má í fyrstu, en einnig vegna þess að útvega þarf afleysingar ef útköll eru löng og vaktir bíða á hjúkrunnarrýmum eða á heilsugæslu. Þá er betra að fara frekar á fleiri bílum heldur en að bíða eftir að fylla bíla með þeim töfum sem því getur fylgt.

Eðlilegt er að **nýta ýmsan búnað á Ísafirði** sem ætlaður er til útkalla. Til dæmis er eðlilegt að vaktbíll læknis, sem er sterkbyggður jeppi, hlífðarfatnaður, viðbragðsbúnaður og annað slíkt sé tekið frá Ísafirði eins og hægt er.

Ef **ófært** er yfir heiðar, einkum Dynjandisheiði, þarf að skoða að kalla út björgunarsveitir eða Vegagerðina til að leysa úr því með því að moka heiðina, ferja fólk yfir á snjó eða fara siglandi, annaðhvort yfir Arnarfjörð eða beint frá Ísafirði.

Sjúkraflutningar á norðursvæði eru reknir af Ísafjarðarbæ skv. samningi við heilbrigðisstofnunina. Þar eru tveir bílar. Tveggja manna bakvakt er allan sólarhringinn á Ísafirði. Þá er á Þingeyri sjúkrabíll án bakvaktar (en útkallslista) sem fær boðun í fyrsta viðbragð í Dýrafirði og nálægum fjörðum.

Fjarskiptasamband (Tetra, GSM o.fl.)

Fjallað er um fjarskiptasamband í kafla 9 á blaðsíðu 35.

Aðrar áætlanir

Aðrar áætlanir sem hægt er að líta til í sérstökum aðstæðum eða til fyllingar:

- Viðbragðsáætlun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (norðursvæði), útgáfa janúar 2020
- Flugslysaáætlun fyrir Bíldudalsflugvöll, útgáfa 2.0 september 2018
- Landsáætlun CBRNE (efni, sýklar, geislun eða spreningar). Útgáfa 2.0 janúar 2020

3. Skammstafanir og orðskýringar

Skammstafanir

112	Samræmd neyðarsímsvörun fyrir Ísland
AVD	Almannavarnadeild
AHS	Aðhlynningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
AVN, AV-NEFND	Almannavarnanefnd
ÁÆTLANIR	Hluti af SÁBF (Áætlanagerð við neyðarstjórnun)
BJARGIR	Hluti af SÁBF (Mannaflí, tæki og búnaður)
FRAMKVÆMD	Hluti af SÁBF (Framkvæmdir aðgerða og samskipti við slysstað)
LL	Landlæknisembættið
LSH	Landspítali
MÓT	Móttökustaður bjarga á slysavettvangi
RKÍ	Rauði kross Íslands
RLS	Embætti Ríkislögreglustjóra
SÁBF	Stjórnun-Áætlun-Bjargir-Framkvæmd, fjórir megin verkþættir verkþáttaskipuritsins sem notað er við neyðarstjórnun
SLY	Slysstaður, svæði afmarkað með innri lokun
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda á slysavettvangi
SSL	Söfnunarsvæði látinna á slysavettvangi
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra á slysavettvangi
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík
STJÓRNUN	Hluti af SÁBF (Stjórnandi á neyðartímum)
VETTVANGUR	Slysstaður og þau svæði sem viðbragðsaðilar setja upp í kringum hann
VBS	Viðbragðsstjórn
VST	Vettvangsstjórn/-stjóri

HVEST	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
--------------	-------------------------------

Orðskýringar

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig: Óvissustig, hættustig og neyðarstig eftir alvarleika og umfangi þeirrar hættu sem steðjar að.

Óvissustig

Upplýsingasöfnun, hættumat

Óvissustig einkennist af atburðarás sem hafin er og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks eða byggðar sé stefnt í hættu. Á þessu stigi hefst samráð milli viðbragðsaðila og almannavarna. Þegar upplýsingar um eðli atburðar eru óljósar skal virkja á óvissustigi þar til fram koma nægilegar upplýsingar til að ákveða um frekari virkjun viðbragðsáætlunar. Leitað er eftir frekari upplýsingum eða boðun staðfest áður en frekari viðbrögð eru ákveðin. Samhæfingarstöðin eða 112 getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. óvissustigi.

Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu

Hættustigi er lýst yfir ef upplýsingar leiða í ljós að alvarlegt slys eða önnur vá hefur orðið eða er yfirvofandi í umdæminu. Einnig getur Samhæfingarstöðin beðið heilbrigðisstofnun að virkja á hættustigi vegna hættu eða slysa í öðrum umdæmum.

Þetta stig getur falið í sér virkjun hluta af starfsemi stofnunar.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða/allsherjarútkall

Neyðarstigi er lýst yfir vegna slyss eða annarrar vár sem þegar hefur átt sér stað. Á þessu stigi er öll starfsemi stofnunar virkjuð. Verkefni einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra frekari slysum og varna frekara tjóni. Samhæfingastöðin getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. neyðarstigi.

4. Virkjun áætlunar og boðun

Virkjun

Tilkynning um atburð sem kallar á virkjun stofnunarinnar skal umsvifalaust berast til neyðarlínunnar í síma 112, sem hefur samband við umdæmislækni sem er í viðbragðsstjórn til ákvörðunar um stig viðbúnaðar og boðunarleið, þ.e. óvissustig, hættustig eða neyðarstig.

Þegar vakthafandi læknir fær boð um virkjun þá:

1. Hringir hann í 112 og fær staðfestingu á tilkynningunni.
2. Tilkynnir svo viðbragðsstjórn stofnunarinnar, sjá blaðsíðu 12
3. Upplýsir samstarfsfólk um viðbúnað.

Boðun

Þegar upplýsingar berast sem gefa tilefni til að virkja áætlunina skal viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar meta ástandið og ákveða á hvaða stigi skuli unnið. Upplýsa skal starfsmenn stofnunar ásamt AST/AVN og eftir atvikum 112/SST.

Stjórnandi (framkvæmdastjóri lækninga/umdæmislæknir) á hverjum tíma þarf að fá upplýsingar um:

1. **Hvað gerðist**
2. **Fjöldi** slasaðra/veikra og ástand þeirra (bráðaflokkun og áverkamat).
3. **Hvar**. Staðsetning atburðar, bær, gata og þess háttar.
4. **Hver** tilkynnir.
5. **Aðstæður á vettvangi**. Hættur, veðurfar og fleira.

Útkallslistar hjá 112 sem kallaðar eru út eftir þörfum eru:

- **Alltaf: Grunnviðbragð**
 - Allir í viðbragðsstjórn, auk bæði fyrstu og annars staðgengils allra. Auk þess skal kalla út í vaktsíma hjúkrunarfræðings og vaktsíma lækni.
- **Hópslys 1 HVEST Patreksfirði: Allt að 3 slasaðir:** Grunnviðbragð
- **Hópslys 2 HVEST Patreksfirði: 4-10 slasaðir:** Grunnviðbragð. Sjúkraflutningar frá Þingeyri og Ísafirði. Stofnun kalli út hjúkrunarfræðinga á staðnum, sjúkraliða og móttökuritara. Auk þess verði kallað á aðra sjúkraflutningamenn sem ekki hafa þegar verið kallaðir út.
- **Hópslys 3 HVEST Patreksfirði: fleiri en 10 slasaðir:** Allir að ofan, auk lyfjafræðings, matráðs, sjúkraþjálfara. Kallað er á tvo lækna og tvo skurðhjúkrunarfræðinga frá Ísafirði.

Aðrir starfsmenn eru kallaðir út af viðkomandi deildum/starfssvæðum, eða af skiptiborði, eftir því sem þurfa þykir.

Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal viðbragðsstjórn stofnunarinnar tafarlaust hefja afboðun eins og þurfa þykir. Um leið og síma vakt fær tilkynningu um afboðun þá upplýsir hún viðbragðsstjórn stofnunarinnar og starfsmenn.

5. Stjórnkerfi

Í þessum kafla er farið yfir stjórnskipulag almannavarna í landinu og tengingu þess við heilbrigðisstofnanir. Einnig er farið yfir hlutverk viðbragðstjórna heilbrigðisstofnana og að lokum er farið yfir stjórnskipulag og samhæfingu vegna áfallahjálpar og skiptingu áfallahjálpar í fyrsta stigs og annars stigs áfallahjálp.

Skipulag almannavarna

Samhæfingarstöð almannavarna

Samhæfingarstöðin (SST) er stjórnstöð sérstakra aðgerða og samhafir á milli umdæma. Stöðin er staðsett í Björgunarmiðstöðinni að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samhæfingarstöðin er virkjuð að fullu þegar neyðarstigi hefur verið lýst yfir og eftir það fer samræming og stjórnun aðgerða fram í stöðinni.

Á hættustigi hefst undirbúningur vegna virkjunar og er þá hluti áhafnar að störfum í stöðinni. Samhæfingarstöðin skipuleggur stuðning við heilbrigðisstofnanir samkvæmt beiðni hverju sinni. Landlæknir ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu þegar SST er virkjuð.

Almannavarnanefndir

Almannavarnir eru samnefnari viðbragða og úrræða þegar hættu- og neyðarástand skapast í samfélaginu. Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar. Í almannavarnanefnd situr lögreglustjóri og aðrir lykilmenn, þar með talinn heilbrigðisstarfsmaður og stjórnar þeir viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara þegar hætta vofir yfir. Hlutverk almannavarnanefnda er að móta stefnu og skipuleggja starf að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008. Fulltrúi HVEST í Almannavarnanefnd er framkv.stjóri lækninga.

Aðgerðastjórn almannavarnanefnda

Aðgerðastjórn (AST) er sameiginleg aðgerðastjórn viðbragðsaðila. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er stjórn aðgerða í héraði í höndum lögreglustjóra þegar almannavarnaástand ríkir. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands og fulltrúum hlutaðeigandi viðbragðsaðila. Aðgerðastjórn ber ábyrgð á stjórnun aðgerða í sínu umdæmi og sinnir upplýsingaskyldu gagnvart SST og almannavarnanefnd. Aðgerðastjórn fyrir Vestfirði er til húsa á Slökkvistöðinni á Ísafirði. Heilbrigðisstofnunin á fulltrúa í aðgerðastjórn. Varaaðsetur aðgerðastjórnar er á lögreglustöðinni á Ísafirði.


Vettvangsstjórn almannavarnanefnda

Við slysstað er skipuð vettvangsstjórn (VST) sem ber ábyrgð á heildarstjórnun og samhæfingu aðgerða á vettvangi. Störf vettvangsstjórnar og fjöldi starfsfólks í stjórninni er ávallt háð umfangi og eðli aðgerðarinnar. Vettvangsstjórn skipar verkþáttastjóra: björgunarstjóra, aðhlynningarstjóra, gæslustjóra og flutningastjóra. Vettvangsstjórn skipar einnig fólk í fjarskipti og skráningu. VST sinnir upplýsingaskyldu gagnvart aðgerðastjórn.

Aðhlynningarstjóri

Stjórnar og samhafir sjúkrahjálpar á vettvangi. Aðhlynningarstjóri (AHS) kemur að jafnaði frá heilbrigðisgeiranum og er þá tilnefndur af viðbragðstjórn heilbrigðisstofnunar. Hann hefur

yfirumsjón með undirbúningi á móttöku þolenda frá slysstað á söfnunarsvæði slasaðra. Sjá nánar gátlista aðhlynningarstjóra á blaðsíðu 23.



Mynd 1: Stjórnskipulag almannavarna og tenging þess við heilbrigðisstofnanir

Stjórnskipulag heilbrigðisstofnana innan skipulags almannavarna

Þegar hætta steðjar að er stjórnskipulag almannavarna virkjað og eftir það fara samskipti við heilbrigðisstofnanir fram samkvæmt þeirra viðbragðsáætlunum.

Viðbragðsstjórn

Forstjóri skipar viðbragðsstjórn (VBS) sem ber ábyrgð á viðbragðsáætluninni. Helstu verkefni eru að skipuleggja viðbúnað og hafa yfirsýn yfir starfsemi, stýra og samhæfa aðgerðir innan spítalans og eiga samstarf við aðra viðbragðsaðila. Forstjóri skipar jafnframt formann VBS.

Í viðbragðsstjórn sitja:

Viðbragðsstjórn	Staðgengill 1	Staðgengill 2	Staðgengill 3
Forstjóri Gylfi Ólafsson	Framkvæmdastjóri hjúkrunar Hildur Elísabet Pétursdóttir	Rekstrarstjóri Hermann Grétar Jónsson	Fjármálastjóri Hrannar Örn Hrannarsson
Hjúkrunarstjóri Gerður Rán Freysdóttir	Deildarstjóri legudeildar Lilja Sigurðardóttir	Hjúkrunarfræðingur, Verkefnastjóri heilsugæslu Soffía Hlynisdóttir	Hjúkrunarfræðingur á staðnum/sjúkraliði
Vakthafandi læknir á Patreksfirði	Framkvæmdastjóri lækninga Andri Konráðsson	Yfirlæknir heilsugæslu Súsanna B. Ástvaldsdóttir	Vakthafandi læknir á Ísafirði

Viðbragðsstjórnin sinnir heildarstjórnun og samhæfingu á öllu því sem viðkemur atburðinum innan stofnunarinnar. Mynd 2 lýsir hlutverki viðbragðsstjórnar og staðsetningu hennar innan stjórnskipulags almannavarna.


Helstu verkefni vegna fjölmiðlasamskipta

- ☐ Senda skal út fréttatilkynningu eins fljótt og auðið er til fjölmiðla í samráði við aðgerðastjórn.
- ☐ Forstjóri, eða staðgengill hans, er tengiliður við fjölmiðla.
- ☐ Ákvarða skal fasta reglubundna tíma til að senda út upplýsingar um gang mála ef ástand dregst á langinn.
- ☐ Ef nauðsyn krefur skal ákvarða stað innan heilbrigðisstofnunar þar sem fjölmiðlafólk getur komið og fengið upplýsingar um gang mála. Fylgjast með fréttum í fjölmiðlum frá atburðinum.
- ☐ Á neyðarstigi er tekið á móti fjölmiðlafólki Við tannlæknastofur á 1. hæð. Því skal ekki hleypt þangað inn, heldur fylgt þangað, þegar viðbragðsstjórn leyfir.
- ☐ Aðrir starfsmenn en þeir sem eru í viðbragðsstjórn **eru beðnir að tjá sig alls ekki við fjölmiðla**, en beina þeim til viðbragðsstjórnarinnar.

Samskipti innan stofnunar: Workplace

Workplace er skilvirkasti miðillinn til samskipta og upplýsingagjafar innan stofnunar. Þar er betra að setja meira en minna af upplýsingum og uppfæra eftir þörfum. Hægt er að búa til minni hóp.

Tímabundnir starfsmenn, utanaðkomandi fólk og verktakar geta fengið aðgang að Workplace tímabundið ef tilefni er til. Hægt er að búa þá til með skjótum hætti án þess að vera með netfang við stofnunina. Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með Workplace og getur gert þetta, en forstjóri og aðrir stjórnendur hafa einnig réttindi til að stofna nýja reikninga.



Mynd 2: Stjórnskipulag og hlutverk almannavarna og heilbrigðisstofnana

Sálrænn stuðningur og áfallahjálpar

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST er virkjaður þegar ástæða þykir til og er hópurinn kallaður út af heilbrigðisstarfsmönnum innan SST. Fulltrúi landlæknis er hópstjóri og boðar til fyrsta fundar. Í hópnum sitja einnig verkefnastjóri heilbrigðismála hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (RLS), fulltrúi áfallahjálparmiðstöðvar hjá LSH, fulltrúi RKÍ og fulltrúi Þjóðkirkjunnar. Samráðshópur SST mótar aðgerðastefnu, samhæfir aðgerðir og styður við samráðshóp áfallahjálpar í viðkomandi umdæmi eða umdæmum.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi er kallaður saman þegar tilefni þykir. Hópurinn velur sér hópstjóra. Frumkvæði að myndun hópsins kemur frá aðilum innan umdæmis en samráðshópur áfallahjálpar innan SST getur einnig hvatt til myndunar hópsins. Í hópnum eiga sæti: svæðisfulltrúi frá RKÍ, fulltrúi Þjóðkirkjunnar, fulltrúi heilbrigðisstofnunar innan umdæmis og fulltrúi félagsþjónustu innan umdæmis.

Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar hefur það hlutverk að tilnefna verkefnastjóra áfallahjálpar úr starfsliði heilbrigðisstofnunar sem tekur sæti í hópnum.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi starfar með aðgerðastjórn í umdæminu og í samráði við samráðshóp SST. Heilbrigðisstofnun getur leitað til samráðshóps í umdæmi varðandi aðstoð við sálrænn stuðning til aðstandenda eða annarra þolenda.

Í Samráðshópi áfallahjálpar á Ísafirði eru:

- Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar, s: 899 7902, margret@isafjordur.is, hópstjóri
 - Til vara: Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir, félagsþjónustan Ísafjarðarbær, s: 866 6351, albertag@isafjordur.is
- Hlynur Snorrason, Lögreglan, s: 8921694, hlynur.snorrason@logreglan.is
- Auður Helga Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur Rauði kross, s: 692 3580, audgum@simnet.is
 - Til vara: Harpa Guðmundsdóttir, iðjuþjálfari Rauði kross, s: 869 8989, kjarrh2@gmail.com
- Hildur Elísabet Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur á Hvest. S: 695 2222, hildurep@hvest.is,
 - Til vara: Svava Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur á HVEST, s: 697 4667, svava@hvest.is
- sr. Kristján Arason, sóknarprestur í Patreksfjarðarsókn. s: 846 6569, kristjanaras@gmail.com
- Formaður RKÍ í Barðastrandarsýslu er Alda Hrannardóttir.

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST
Samhæfing og ráðgjöf

Hópstjóri - Fulltrúi landlæknis
Verkefnastjóri heilbrigðismála avd-RLS
Fulltrúi áfallamiðstöðvar LSH
Fulltrúi RKÍ
Fulltrúi Þjóðkirkjunnar

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi
Samhæfing og stjórnun

Fulltrúi heilbrigðisþjónustu/áfallateyma
Fulltrúi RKÍ/svæðisfulltrúi
Fulltrúi kirkju í umdæmi
Fulltrúi félagsþjónustu í umdæmi

Verkefni 1. stigs áfallahjálpar

Sálræn skyndihjálpar
Sálrænn stuðningur - Upplýsingar og fræðsla
Virkjun stuðningskerfis - Mat á
áhættuþáttum

Verkeiningar

Fjöldahjálpar RKÍ
Kirkjan og trúfélög
Heilbrigðisþjónusta
Áfallahjálparteymi
Félagsþjónustan
Aðrir: Björgunarsveitir, flugrekendur og

Verkefni 2. stigs áfallahjálpar

Sérhæfður stuðningur
Sérhæfð úrvinnsla - Eftirfylgd

Verkeiningar

Áfallahjálparteymi
Kirkjan
Heilbrigðisþjónusta
Félagsþjónusta

Mynd 3: Skipulag áfallahjálpar á neyðartímum

6. Starfssvæði

Merkja skal inn á starfssvæðiskort staðsetningu neðangreindra starfssvæða eftir því sem við á og ákveðið hefur verið fyrirfram. Starfssvæðiskortinu skal dreift til viðeigandi aðila til að tryggja að réttar upplýsingar um staðsetningu berist milli manna sem fyrst.

Öll kort og teikningar eru sett í kafla 10 á blaðsíðu 38.

- **Aðalinngangur** er á efra bílaplani við mitt húsið. Inn af aðalinngangi er heilsugæsla með biðstofu og öðru. Ritari/aðgangsstjóri skal staðsettur við aðalinngang. Allir viðbragðsaðilar skulu mæta á biðstofu heilsugæslu.
- **Aðhlynning/biðsvæði innandyra** er í biðstofu á heilsugæslu inn af aðalinngangi (sjá mynd 10). Eftir skoðun fara sjúklingar upp á deild.
- **Aðkoma sjúkrabíla (að og frá)** er í innkeyrslu sjúkrabíla í vesturálm, til hægri við aðalinngang.
- **Aðsetur viðbragðsstjórnar** er í fundaherbergi innst á heilsugæslugangi. Nokkrar skrifstofur er hægt að taka þar eftir atvikum. Auk þessu eru tvö skrifborð bakvið móttökuritara og skrifstofa hjúkrunarfræðings þar við hliðina.
- **Apótek** er staðsett á 0. hæð vesturálm. ATH!
- **Bráðamóttaka/móttaka slasaðra** er um sjúkrabílaaðgang í kjallara.
- **Búnaður greiningarsveitar** Er staðsettur við sjúkrabílaaðkomu. Búnaður greiningarsveitar samanstendur af fatnaði, greiningabúnaði (fyrir bráðaflokkun og áverkamat), búnaði til sérhæfðar sjúkrahjálpar (ALS) og öryggisbúnaði (TETRA-stöðvar, snjóflóðaýlur). Búnaðarlisti greiningarsveitar er í geymsluskáp fyrir töskur greiningarsveitar. Greiningarsveitin kemur sér sjálf á vettvang í bílum HVEST.
- **Lager, hjúkrunarvörur** Er á 1. hæð suðurálm.
- **Móttaka aðfanga** er um dyr í kjallara staðsett við sjúkrabílaaðkomu.
- **Móttaka aðstandenda þeirra slösuðu sem eru á sjúkrahúsinu**, í kapelli eða fjöldahjálparstöðvar RKÍ:
 - Íþróttahúsið, Hafnarbraut 15, Bildudal
 - Íþróttahús/félagsheimi Tálknafirði
 - Fosshótel Patreksfíði, Aðalstræti 100, Patreksfirði
- **Móttaka farsóttarsjúklinga, þolendur eitrona eða geislunar** er um sjúkrabílainnkeyrslu í kjallara. Þaðan á legudeild á 2. hæð. Sjá einnig „Viðbragðsáætlun vegna smitnæmra sjúkdóma“.
- **Móttaka og varsla látinna** er í líkhúsi í kjallara. Lík frá slysavettvangi ætti ekki að flytja í líkhús fyrr en að að lokinni bráðahjálpar slasaðra á vettvangi og á sjúkrahúsinu. Líkhús rúmar tvö lík í kæli. Hægt er að fá kæligám (Eimskip – Samskip) til bráðabirgða og staðsetja á bílastæði.
- **Myndgreining** með röntgentæki er í heilsugæslu.
- **Rannsóknarstofa** er á heilsugæslu með einföldum rannsóknatækjum.
- **Símavarsla** er í móttöku/afgreiðslu á heilsugæslu.
- **Söfnunarsvæði utanhúss** vegna rýmingar stofnunar er á bílastæðinu fyrir framan hús.
- **Þyrlupallur** er ekki til, en Landhelgisgæslan lendir gjarnan á höfninni á Patreksfirði.

7. Áhættumat stofnunar

Íbúafjöldi á upptökusvæðinu er (1. janúar 2021):

Vesturbyggð 1.064 (Patreksfjörður og Bíldudalur)

Tálknafjörður 268

Samtals: 1.332

Helstu áhættuþættir:

- Bíl- og rútuslys
 - Dýrafjarðargöng
 - Fjallvegir
 - Kleifaheiði, Miklidalur, Hálf dán, Dynjandisheiði
 - Sauðfé – við vegi víða
- Flugslys
 - Bíldudalsflugvöllur
 - Aflagðir flugvellir, t.d. í Patreksfirði
- Sjóslys
 - Ferjan Baldur á Breiðafirði
 - Fiskiskip og bátar á nálægum miðum
 - Skemmtiferðaskip
 - Vinnuslys í fiskeldi
- Ferðamennska
 - Látrabjarg, Rauðisandur, Dynjandi
 - Gönguleiðir um dali, fjöll og skörð
- Húsbruni
- Ofanflóð (innan og utan svæða með varnargarða)
 - Bíldudalur, sbr. varnargarða
 - Patreksfjörður, sbr. varnargarða og krapaflóð 1983
 - *Vegir?*
- Eiturefni
 - Fiskeldi – Maurasýra og sterkar sápur
 - Sundlaugar – Klór, klórgas
 - Frystihús, frystiklefar – Ammoníakleki
 - Bændur – Smjörsýra?
 -

Afkastageta sjúkrahússins

- Miðast við tilefnið og fast starfsfólk sem er til staðar á hverjum tíma:
 - Tvö rúm á legudeild
 - engin skurðgeta
 - 3 stakir súrefnismettunarmælar
 - 1 sprautudælur
 - 1 vökvadæla

8. Verkefni starfsfólks

Viðbragðsstjórn

Viðbragðsstjórn - óvissustig

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman í fjarfundabúnaði.
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins
- ☐ Metur hvort þörf sé á mannskap frá Ísafirði og þá hverjum
- ☐ Stjórn og samhæfing viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Lætur boða út skv. útkallslista eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum Neyðarlínu
- ☐ Fjarskipti við AST/SST (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð við eftirfarandi eftir því sem við á:
 - Aðgerðastjórn
 - Samhæfingarstöð
 - Fjölmíðla
 - Forstjóri er fjölmíðlafulltrúi stofnunarinnar
 - Gefa út fréttatilkynningar
 - Ákveða fasta tíma fyrir fjölmíðlasamskipti eftir atvikum
 - Móttaka fjölmíðlafólks er á biðstofu heilsugæslu eða í kapellu
- ☐ Skipar greiningarsveit, stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112
- ☐ Kynnir öllu starfsfólki stöðu mála á Workplace og undirbýr minni hópa ef grípa þarf til aðgerða

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda og mannskap í húsi
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL og með rýmingu stofnunar ef þörf krefur
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Biður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru samkvæmt gátlistum
- ☐ Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og metur hvernig til tókst
- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Viðbragðsstjórn - hættustig

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman í fundaherbergi á heilsugæslu og/eða skrifstofu forstjóra með fjarfundabúnaði.
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins

- ☐ Metur þörf á liðsauka frá Ísafirði
- ☐ Lætur boða út skv. útkallslista eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum neyðarlínu
- ☐ Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Metur þörf á beiðni fyrir utanaðkomandi aðstoð
- ☐ Fjarskipti við AST/SST/112 (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð eftir því sem við á,
 - Aðgerðastjórn
 - Samhæfingarstöð
 - Fjölmiðla
 - Forstjóri er fjölmiðlafulltrúi
 - Gefa út fréttatilkynningar
 - Ákveða fasta tíma fyrir fjölmiðlasamskipti
 - Móttaka fjölmiðlafólks er í kapellu eða biðstofu heilsugæslu
 - Starfsfólk á Workplace
- ☐ Skipar greiningarsveit, stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS inn á öll stig
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112, ef ekki þegar lokið af vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðingi
- ☐ Kynnir öllu starfsfólki stöðu mála á Workplace og undirbýr minni hópa ef grípa þarf til aðgerða

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráning)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Lætur undirbúa móttöku slasaðra
- ☐ Lætur undirbúa útskrift inniliggjandi sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Tryggir flutning fyrir útskrifaða sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Virkjar starfssvæði fyrir móttöku aðstandenda
- ☐ Hefur yfirsýn yfir stöðu deilda hverju sinni
- ☐ Annast samskipti og miðlar upplýsingum milli deilda
- ☐ Bíður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru skv. gátlistum
- ☐ Kemur starfsemi heilbrigðisstofnunar í samt horf
- ☐ Viðrun fyrir starfsfólk og skipuleggur í samráði við hlutaðeigandi aðila
- ☐ Fer yfir atburðarrás ásamt starfsfólki og meta hvernig til tókst

- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Viðbragðsstjórn - neyðarstig

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman í fundaherbergi á heilsugæslu og/eða skrifstofu forstjóra með fjarfundabúnaði.
- ☐ Tilkynna á Workplace hvort útkallsaðilar eiga að koma strax í hús eða bíða átekta. Sérhver deildarstjóri ber ábyrgð á að upplýsa sitt starfsfólk
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins
- ☐ Lætur boða út skv. útkallslista eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum Neyðarlínu
- ☐ Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Metur þörf á beiðni fyrir utankomandi aðstoð
- ☐ Tryggir fjarskipti við aðgerðastjórn/Samhæfingarstöð (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð eftir því sem við á:
 - ☐ Aðgerðastjórn
 - ☐ Samhæfingarstöð
 - ☐ Fjölmíðla
 - ☐ Forstjóri er fjölmíðlafulltrúi
 - ☐ Gefa út fréttatilkynningar
 - ☐ Ákveða fasta tíma fyrir fjölmíðlasamskipti
 - ☐ Móttaka fjölmíðlafólks er í kapellu eða biðstofu heilsugæslu
 - ☐ Starfsfólk á Workplace
- ☐ Skipar greiningarsveit, stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS inn á öll stig
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112, ef ekki þegar fengið hjá vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðingi

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun og mannað borð fyrir skráningu og vegvísun inn í húsið
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Lætur undirbúa móttöku þolenda
- ☐ Lætur undirbúa útskrift inniliggjandi sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Tryggir flutning fyrir útskrifaða sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Virkjar starfssvæði fyrir móttöku aðstandenda innlagðra úr slysinu (matsalur 2. hæð)
- ☐ Hefur yfirsýn yfir stöðu deilda hverju sinni
- ☐ Annast samskipti og miðlar upplýsingum milli deilda
- ☐ Bíður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru skv. gátlistum
- ☐ Kemur starfsemi heilbrigðisstofnunar í samt horf
- ☐ Viðrun fyrir starfsfólk og skipuleggja í samráði við hlutaðeigandi aðila
- ☐ Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og meta hvernig til tókst
- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Greiningarsveit

Greiningarsveit - óvissustig

Greiningarsveit yfirfer búnað, fjarskiptatæki, sjá lýsingu hér fyrir neðan. Yfirfer bensínstöðu bíla.

Greiningarsveit - hættustig

Mönnun

- ☐ Fimm manna sveit, skipuð lækni, þeim hjúkrunarfræðingum sem tiltækir eru og einum sjúkraliða.
- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar tilnefndur (læknir)
- ☐ Aðhlynnningarstjóri tilnefndur (hjúkrunarfræðingur).
- ☐ Mæta við geymslu hópslysabúnaðar.

Búnaður

- ☐ Sækir búnað greiningarsveitar í merktu skápa við sjúkrabílaingang í kjallara og undirbýr brottför
 - Búnaður: 2 bakpokar og hlífðarföt eftir þörfum. 1 poki fyrir lækni og 1 poki fyrir hjúkrun.
 - Listi yfir lyf og vökva – sjá lista í búnaðargeymslu. 1 hj.fræðingur sækir viðkomandi lyf og vökva í Lyfjabúr á legudeild 2. hæð.
 - Fjarskiptatæki - 2 tetratæki fyrir lækni og hjúkrun.
- ☐ Bíður frekari fyrirmæla
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað frá 112/viðbragðsstjórn

Flutningur

- ☐ Fer á vettvang í bílum HVEST.
- ☐ Greiningarsveit starfar undir stjórn vettvangsstjóra á vettvangi

Stjórnandi greiningarsveitar

- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar skipuleggur störf liðsmanna sveitarinnar í samvinnu við aðhlynnningarstjóra
- ☐ Tryggir að fjarskiptasambandi og samskiptum sé komið á við eftirfarandi, (sjá mynd í fjarskiptakafla 7) í samvinnu við aðhlynnningarstjóra:
 - Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar innan umdæmis
 - Vettvangsstjóra
 - Aðgerðastjórn
 - Samhæfingarstöð
- ☐ Fylgist með að nóg sé af mannskap, búnaði og sjúkraflutningatækjum

Aðhlynnningarstjóri

- ☐ Stjórnar og samhæfir sjúkrahjálp á vettvangi starfsemi á SSS
- ☐ Hefur yfirumsjón með
 - Undirbúningi á móttöku þolenda.
 - Undirbúningi SSS (rautt, gult og grænt svæði) samkvæmt bráðaflokkun og áverkamati sjúklinga
 - Undirbúningi á svæði fyrir birgðir og aðrar bjargar innan SSS
 - Er í fjarskiptasambandi við VST, AST, SST og heilbrigðisstofnun í umdæmi og aðra verkþáttastjóra, (flutningsstjóra, gæslustjóra og björgunarstjóra).

- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar og aðhlynningastjóri skila minnisblaði til viðbragðsstjórnar um atburðinn innan viku

Greiningarsveit - neyðarstig

Mönnun

- ☐ Fjögurra manna sveit, skipuð lækni, þeim hjúkrunarfræðingum sem tiltækir eru og einum sjúkraliða.
- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar tilnefndur (læknir)
- ☐ Aðhlynningarstjóri tilnefndur (hjúkrunarfræðingur)
- ☐ Mæta við geymslu hópslysabúnaðar, í kjallara við sjúkrabíla aðkomu. (fyrir framan verkstæði)

Búnaður

- ☐ Sækir búnað greiningarsveitar í merкта skápa við sjúkrabílainngang í kjallara og undirbýr brottför
 - Búnaður: 2 bakpokar og hlífðarföt eftir þörfum. 1 poki fyrir lækni og 1 poki fyrir hjúkrun.
 - Listi yfir lyf og vökva – sjá lista í búnaðargeymslu. 1 hj.fræðingur sækir viðkomandi lyf og vökva í Lyfjabúr á legudeild 2. hæð.
 - Fjarskiptatæki - 2 tetratæki fyrir lækni og hjúkrun.

Flutningur

- ☐ Fer á vettvang í bílum HVEST.
- ☐ Greiningarsveit starfar undir stjórn vettvangsstjóra á vettvangi

Stjórnandi greiningarsveitar

- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar skipuleggur störf liðsmanna sveitarinnar í samvinnu við aðhlynningarstjóra
- ☐ Tryggir að fjarskiptasambandi og samskipti sé komið á við eftirfarandi, (sjá mynd í fjarskiptakafla 7) í samvinnu við aðhlynningarstjóra:
 - Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar innan umdæmis
 - Vettvangsstjóra
 - Aðgerðastjórn
 - Samhæfingarstöð
- ☐ Fylgist með að nóg sé af mannskap, búnaði og sjúkraflutningatækjum

Aðhlynningarstjóri

- ☐ Stjórnar og samhæfir sjúkrahjálp á vettvangi og starfsemi á SSS
- ☐ Hefur yfirumsjón með
 - Undirbúningi á móttöku þolenda frá slysstað
 - Undirbúningi SSS (rautt, gult og grænt svæði) skv. bráðaflokkun og áverkamati sjúklinga
 - Undirbúningi á svæði fyrir birgðir og aðrar bjargar innan SSS
 - Er í fjarskiptasambandi við VST, AST, SST og heilbrigðisstofnun í umdæmi og við aðra verkþáttastjóra, (flutningsstjóra, gæslustjóra og björgunarstjóra)
- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar og aðhlynningastjóri skila minnisblaði til viðbragðsstjórnar um atburðinn innan viku

Móttökuteymi

Móttökuteymi – óvissustig

Móttökuteymi hafa að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi

Móttökuteymi – hættustig

- ☐ Móttökustjóri er deildarstjóri legudeildar eða staðgengill hans:
 - Skipar í móttökuteymi á stofum slysadeildar.
 - Undirbýr slysastofu fyrir móttöku slasaðra með móttökuteymi.
 - Fær 1 starfsmann (læknaritara) til að stjórna skráningum inn/út af deildinni.
 - Fær 4-6 aðstoðarmenn frá björgunarsveitum til aksturs á sjúkrabörum/umferðarstjórnar/stjórnar á skráningum.
 - Stýrir umferð og skráningu úr sjúkrabílum til móttökuteyma og frá þeim og til annarra deilda.
- ☐ Móttökuteymi. Í teyminu eru eftir því sem mögulegt er:
 - 1 læknir
 - 2 hjúkrunarfræðingar/sjúkraliðar
 - 1 ritari/sendill.
- ☐ Undirbúa komu þolenda á slysastofu.
- ☐ Annast greiningu og meðferð þolenda
- ☐ Rita bráðasjúkraskrárskýrslur og hjúkrunarskráningu
- ☐ Miðla upplýsingum um þolendur til stjórnenda og ritara
- ☐ Senda þolendur áfram til meðferðar í samráði við stjórnendur
- ☐ Tilkynna stjórnendum þegar teymi eru tilbúin að taka við fleiri þolendum
- ☐ Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn

Móttökuteymi – neyðarstig

- ☐ Móttökustjóri er deildarstjóri legudeildar, eða staðgengill hans:
 - Skipar í móttökuteymi á slysastofu
 - Undirbýr slysastofu fyrir móttöku slasaðra með móttökuteymi
 - Fær 1 starfsmann til að stjórna skráningum inn/út
 - Fær 2 aðstoðarmenn frá björgunarsveitum til umferðarstjórnar/skráningar
 - Stýrir umferð og skráningu úr sjúkrabílum til móttökuteyma og frá þeim og til annarra deilda.
- ☐ Móttökuteymi. Í teyminu eru eftir því sem mögulegt er:
 - 1 læknir
 - 2 hjúkrunarfræðingar/sjúkraliðar
 - 1 ritari/sendill.
- ☐ Undirbúa komu þolenda á slysastofu.
- ☐ Annast greiningu og meðferð þolenda
- ☐ Rita bráðasjúkraskrárskýrslur og hjúkrunarskráningu
- ☐ Miðla upplýsingum um þolendur til stjórnenda og ritara
- ☐ Senda þolendur áfram til meðferðar í samráði við stjórnendur
- ☐ Tilkynna stjórnendum þegar teymin eru tilbúin að taka við fleiri þolendum

- ☐ Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Eins og fjöldi slasaðra leyfir, þá fylgja meðlimir móttökuteymanna innlögðum á sjúkradeild eða eru til aðstoðar á slystofu.

Móttaka slasaðra - gátlisti móttökustjóra

- ☐ Fær 1 starfsmann til að stjórna skráningum inn/út
- ☐ Fá 4-6 aðstoðarmenn frá björgunarsveitum til að annast akstur/burð á sjúkrabörum, umferðarstjórn inn til móttökuteymanna, flutning frá móttökuteymi og inn/út skráningar slasaðra.
- ☐ Skipa í móttökuteymi:
 - 1 lækni
 - 2 hjúkrunarfræðinga/sjúkraliða
 - 1 ritara/sendil.
- ☐ Undirbúa aðstöðu fyrir móttökuteymin á 3 slystofum og 1-2 teymi á vöknun, ef þarf.
 - Akútvagn
 - Gamla svæfingavélin tengd á Vöknun.
 - Öndunarballonar tengdir við súrefnisslöngu og súrefni.
 - Monitorar - electrónískir blóðþrýstingsmælar - stetóskóp.
 - Handstýrðir blóðþrýstingsmælar
 - Súrefni og sog
 - Æðaleggir og tilheyrandi.
 - Aðföng vökva: Ringer Acetat, NaCl.
 - Ath. með byrgðir af sterkum verkjalyfjum, adrenalíni, atrópíni, efedríni/fenylefríni.
 - Saumasett.
 - Sáraskiptiset/kompressur, sárapúðar, Bactigras grisjur, crepebindi, heftiplástrar.
 - Betadine vatnslausn.
 - Umbúðaskæri.
- ☐ Sjá um að hver slasaður sé skráður inn í húsið/móttökustofu og sjá til þess að enginn fari frá móttökustofu nema að skráð sé hvert þeir fara.
- ☐ Kallar eftir samlokum/orkudrykkjum/orkunasli fyrir móttökuteymin og dreifir þeim.
- ☐ Innlagðir til obs/hjúkrunar, þeir sem bíða eftir aðgerð og þeir sem bíða eftir flutningi burtu, fara á sjúkradeild.
- ☐ Miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar.
- ☐ Kallar eftir auka aðstoð, áhöldum, vörum og lyfjum, eftir þörfum.
- ☐ Allt eftir fjölda slasaðra, þá fylgja meðlimir móttökuteymis innlögðum á sjúkradeildina

Móttaka slasaðra - gátlisti skráningarstjóra

Skráningarstjóri er tiltækur starfsmaður HVEST.

- ☐ Sækir skráningarblöð, kennaratyggjó og tússpenna, sem eru geymdir í skáp fyrir móttöku slasaðra við sjúkrahíla aðkomu.
- ☐ Hengir skráningarblöðin upp á vegg í fordyri í sjúkrabílaínkeyrslu.
- ☐ Merkir skiptistofu og læknastofu 2 með móttökuspjöldum.
- ☐ Skráir sjúklinga sem koma inn í húsið á viðeigandi blað eftir lit (rauður-gulur-grænn-svartur) og eftir númeri á greiningarspjaldi. Skráir númerið líka á plastmöppuna sem fylgir hverjum sjúklingi.
- ☐ Fær ritara móttökuteymanna til að fá frekari upplýsingar, s.s. nafn, kennitölu, þjóðerni, áverkalýsingu.
- ☐ Fyllir jafnóðum inn allar upplýsingar sem berast um hvern og einn.
- ☐ Ef slasaði færast á milli lita er settur svigi utan um hann á fyrsta skráningarblaðinu.
- ☐ Sér til þess að þeir sem ekki eru með greiningarspjöld við komu, fái þau.
- ☐ Aðrir aðilar (aðstandendur, sjónarvottar, o.s.frv) sem ekki voru í slysinu, fara inn um aðalinngang og er beint á viðkomandi staði (heilsugæslu, endurhæfingardeild, aðstöðu aðstandenda slasaðra í kapellu, aðstandendur annarra beint í söfnunarsvæði þeirra hjá Rauða krossinum á fjöldahjálparstöðum.

Legudeild

Legudeild – óvissustig

- ☐ Stjórnendur á legudeildum upplýsa starfslið sitt um viðbragðsstig hópslyss
- ☐ Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn

Legudeild – hættustig

- ☐ Fá staðfest hjá viðbragðsstjórn að virkja skuli deildina
- ☐ Stjórnendur á legudeildum upplýsa sitt starfslið um viðbragðsstig hópslyss
- ☐ Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Láta kalla út eftir þörfum
- ☐ Athuga hvaða sjúklingar geta útskrifast og merkja þá
- ☐ Láta útskrifa sjúklinga eftir þörfum.
- ☐ Láta undirbúa stofur fyrir komur sjúklinga
- ☐ Hafa yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
- ☐ Miðla upplýsingum til viðbragðsstjórnar
- ☐ Stjórnandi gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar
- ☐ Útskriftarkassi staðsettur á hillu á vaktherbergi hjúkrunar legudeild

Legudeild – neyðarstig

- ☐ Fá staðfest hjá viðbragðsstjórn að virkja skuli deildina
- ☐ Stjórnendur á legudeildum upplýsa sitt starfslið um viðbragðsstig útkalls
- ☐ Bíða frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Láta kalla út eftir þörfum
- ☐ Athuga hvaða sjúklingar geta útskrifast og merkja þá
- ☐ Láta útskrifa sjúklinga eftir þörfum.
- ☐ Láta undirbúa stofur fyrir komur sjúklinga
- ☐ Hafa yfirsýn yfir sjúklinga á deildinni (flæðisskráningarblað)
- ☐ Miðla upplýsingum til viðbragðsstjórnar
- ☐ Stjórnandi gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar
- ☐ Útskriftarkassi staðsettur á hillu á vaktherbergi hjúkrunar á legudeild

Apótek/lyfjafræðingur

Samningur er í gildi við Lyfju (Ramón Flavia Piera) um lyfjafræðilega þjónustu.

Apótek/lyfjafræðingur – óvissustig

Lyfjafræðingur hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi

Apótek/lyfjafræðingur – hættustig

- ☐ Athugar birgðir lyfja og vökva á heilbrigðisstofnun
- ☐ Útvegar lyf og vökva í samráði við viðbragðsstjórn
- ☐ Heldur sambandi og miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar
- ☐ Vinnur með rekstrarstjóra við aðgengi og öryggi í húsinu
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Apótek/lyfjafræðingur – neyðarstig

- ☐ Athugar birgðir lyfja og vökva á heilbrigðisstofnun
- ☐ Útvegar lyf og vökva í samráði við viðbragðsstjórn
- ☐ Heldur sambandi og miðlar upplýsingum til viðbragðsstjórnar
- ☐ Vinnur með rekstrarstjóra við aðgengi og öryggi í húsinu
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Endurhæfingardeild

Endurhæfingardeild – óvissustig

Endurhæfingardeild hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi

Endurhæfingardeild – hættustig

- ☐ Aðvarar starfsmenn deildarinnar
- ☐ Nær í og mannar upplýsingaborð við aðalinngang
- ☐ Tryggir aðstoð björgunarsveitarmanns við öryggisvörslu (frá viðbragðsstjórn)
- ☐ Mannar upplýsingaborð fyrir framan heilsugæslu – hleypha óviðkomandi ekki inn á svæðin þar
- ☐ Annast aðstandendur í kapellu
- ☐ Veitir aðkomufólki upplýsingar og vísar því til vegar
- ☐ Mannar gæslu barna starfsmanna á endurhæfingardeild, ef þarf
- ☐ Gætir þess að óviðkomandi aðilar komist ekki inn í húsið eða inn á deildir í samráði við öryggisverði og/eða viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Endurhæfingardeild – neyðarstig

- ☐ Mannar upplýsingaborð við aðalinngang
- ☐ Tryggir aðstoð björgunarsveitarmanns við öryggisvörslu (frá viðbragðsstjórn)
- ☐ Mannar upplýsingaborð fyrir framan heilsugæslu– hleypha óviðkomandi ekki inn á svæðin þar
- ☐ Annast aðstandendur í kapellu
- ☐ Veitir aðkomufólki upplýsingar og vísar því til vegar
- ☐ Mannar gæslu barna starfsmanna á endurhæfingardeild, ef þarf
- ☐ Gætir þess að óviðkomandi aðilar komist ekki inn í húsið eða inn á deildir í samráði við öryggisverði og/eða viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórna

Rekstrarstjóri

Rekstrarstjóri- óvissustig

- ☐ Tryggir öryggi stofnunarinnar
 - Gætir að birgðum súrefnis
 - Tryggir öryggisvörð við aðalinnganga á 0. og 1. hæð (ásamt starfsfólki endurhæfingardeildar)
 - Beinir aðstandendum og aðkomufólki á rétt svæði innan heilbrigðisstofnunar
 - Tryggir lokun innganga fyrir óviðkomandi umferð
- ☐ Tryggir aðgengi að stofnuninni
 - Lætur moka snjó, fjarlægja bíla sem eru fyrir

Rekstrarstjóri - hættustig

- ☐ Aðvarar starfsmenn í öllum rekstrardeildum
- ☐ Tryggir öryggi stofnunarinnar
 - Gætir að birgðum súrefnis
 - Tryggir öryggisvörð við aðalinnganga á 0. og 1. hæð (ásamt starfsfólki endurhæfingardeildar)
 - Beinir aðstandendum og aðkomufólki á rétt svæði innan heilbrigðisstofnunar
 - Tryggja lokun innganga fyrir óviðkomandi umferð
- ☐ Leitar eftir upplýsingum og fyrirmælum frá viðbragðsstjórn
- ☐ Lokar öllum inngöngum samkvæmt næturáætlun
- ☐ Lætur kalla út öryggisverði eftir þörfum í samvinnu við viðbragðsstjórn.
- ☐ Tryggir öryggisvörslu við opna innganga
- ☐ Tryggja flutninga til og frá sjúkrahúsi
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Gætir að taubirgðum á deild
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Rekstrarstjóri - neyðarstig

- ☐ Tryggir öryggi stofnunarinnar
 - Gætir að birgðum súrefnis
 - Tryggir öryggisvörð við aðalinnganga á 0. og 1. hæð (ásamt starfsfólki endurhæfingardeildar)
 - Beinir aðstandendum og aðkomufólki á rétt svæði innan heilbrigðisstofnunar
 - Tryggja lokun innganga fyrir óviðkomandi umferð
- ☐ Kallar út starfsfólk í ræstingu, eldhúsi og öðrum deildum eftir þörfum
- ☐ Aðvarar þvottahús. Kallar út til þvotta ef þarf
- ☐ Sendir ræstitækna á deildir eftir þörfum
- ☐ Leitar eftir upplýsingum og fyrirmælum frá viðbragðsstjórn
- ☐ Lokar öllum inngöngum samkvæmt næturáætlun
- ☐ Lætur kalla út öryggisverði eftir þörfum í samvinnu við viðbragðsstjórn.
- ☐ Tryggir öryggisvörslu við opna innganga

- ☐ Tryggja flutninga á blóðhlutum fyrir deildir (ef við á)
- ☐ Tryggja flutninga á lífsnauðsynlegum sýnum (ef við á)
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Eldhús

Eldhús – óvissustig

Eldhús hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi

Eldhús – hættustig

- ☐ Aðvarar starfsmenn deildarinnar
- ☐ Gætir að birgðum skyndifæðis (mjólkurvörur, brauð, kex, álegg, kaffi, te, o.þ.h.)
- ☐ Gætir að öðrum matarbirgðum m.t.t. aukins fjölda matargesta.
- ☐ Kallar eftir matarbirgðum eftir þörfum.
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Eldhús – neyðarstig

- ☐ Kallar út starfsmenn deildarinnar eins og þarf.
- ☐ Gætir að birgðum skyndifæðis (mjólkurvörur, brauð, kex, álegg, kaffi, te, o.þ.h.)
- ☐ Gætir að öðrum matarbirgðum m.t.t. aukins fjölda matargesta.
- ☐ Kallar eftir matarbirgðum eftir þörfum.
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórna

Verkefnisstjóri áfallahjálpar (RKÍ)

Verkefnisstjóri áfallahjálpar – óvissustig

Verkefnisstjóri hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi

Verkefnisstjóri áfallahjálpar – hættustig

- ☐ Tekur sæti í samráðshópi áfallahjálpar í umdæminu
- ☐ Skipuleggur og stýrir áfallaþjónustu innan stofnunar eða fær aðra til þess ef umfang er mikið
- ☐ Útdeilir verkefnum, hefur heildaryfirsýn og sér um samskipti við viðbragðsstjórn
- ☐ Skipuleggur umönnun og stuðning við ættingja láttina í samráði við stjórnanda viðkomandi deildar
- ☐ Metur þörf á viðrun fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnunar
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Verklok miðast við að því fólki sem tengist áfallinu

(sjúklingar/aðstandendur/sjónarvottar/hjálparaðilar) sé komið í réttan farveg undir stjórn samráðshóps í umdæmi.

Verkefnisstjóra áfallahjálpar – neyðarstig

- ☐ Tekur sæti í samráðshópi áfallahjálpar í umdæminu
- ☐ Skipuleggur og stýrir áfallaþjónustu innan stofnunar eða fær aðra til þess ef umfang er mikið
- ☐ Útdeilir verkefnum, hefur heildaryfirsýn og sér um samskipti við viðbragðsstjórn
- ☐ Skipuleggur umönnun og stuðning við ættingja láttina í samráði við stjórnanda viðkomandi deildar
- ☐ Metur þörf á viðrun fyrir starfsfólk heilbrigðisstofnunar
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Verklok miðast við að því fólki sem tengist áfallinu

(sjúklingar/aðstandendur/sjónarvottar/hjálparaðilar) sé komið í réttan farveg undir stjórn samráðshóps í umdæmi.

9. Samskiptaleiðir

Samkvæmt 12. grein almannavarnalaga nr. 82/2008 er það hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar að samhæfa aðgerðir á landsvísu og gagnvart æðstu stjórn landsins ásamt því að samhæfa aðgerðir stofnana og fyrirtækja.


Heilbrigðisstofnanir eru hvattar til að nota TETRA fjarskiptakerfið í almannavarnaástandi. Mynd 4 skýrir uppkallsrásir og talhópa. Samhæfingarstöðin og aðgerðastjórnir í hverju lögregluumdæmi hafa samskipti sín á milli á Av_uppk_1. Aðgerðastjórn og vettvangsstjórn á Vestfjörðum nota Av-VF_1. Verkbáttastjórnar hafa samskipti á Av-VF_2

Í almannavarnaástandi nota allar heilbrigðisstofnanir Av-Heilsug_1. Áhöfn heilbrigðisstarfsmanna í Samhæfingarstöðinni er hluti af þessum talhópi. Í upphafi hverrar aðgerðar er það regla að ítreka hvaða talhópar eru í notkun.

Í almannavarnaástandi er nauðsynlegt að hafa skýrar boðleiðir. Mynd 4 skýrir betur þær boðleiðir sem notaðar eru þegar skipulag almannavarna hefur verið virkjað.

Neyðarlínan boðar viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar samkvæmt boðunarskrá í kafla 4.

Rekstrarstjóri sér til þess að Tetrastöðvar séu í lagi.



Mynd 4: Samskipti Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og almannavarna

TETRA talstöðvar sjúkraliðs – Patreksfjörður

Nr:	Símanúmer:	Hvar:	Ábyrgðaraðili:
	637 7592	Sprinter sjúkrabíll bílstöð	Rekstrarstjóri
	637 7789	Sprinter sjúkrabíll handstöð	Rekstrarstjóri
	637 7947	Sprinter sjúkrabíll handstöð	Rekstrarstjóri
	637 7689	Volkswagen sjúkrabíll handstöð	Rekstrarstjóri
	637 7588	Volkswagen sjúkrabíll bílstöð	Rekstrarstjóri
	637 7688	Sjúkraflutningamaður Bíldudalur	Rekstrarstjóri
	637 7788	Sjúkraflutningamaður Tálknafjörður	Rekstrarstjóri
	637 7946	Á legudeild	Rekstrarstjóri
	637 7945	Talstöð vaktlæknis (inni á læknaðstofu)	Rekstrarstjóri

Nokkrir skuggar eru á Tetra-sambandinu. Neyðarlínan Tetradeild mælir Tetra-samband víða um land. Niðurstöður þeirra mælinga eru aðgengilegar í vefgátt á slóð sem ekki er til almennrar dreifingar.

Skuggar eru einnig á GSM-sambandinu, en upplýsingar um það eru opinberar í vefsjá, sjá meðfylgjandi mynd.



Mynd 5: Skuggar á GSM-sambandi skv. upplýsingum í september 2021. Sjá Vefsjá Fjarskiptastofu á fjarskiptastofa.is, undir „Fjarskipti -> Mælingar á fjarskiptasambandi á vegum“. (Ath. vegna breytinga úr Póst- og fjarskiptastofnun í Fjarskiptastofu sumarið 2021 er vefsjáin geymd á gamli.fjarskiptastofa.is þegar þessi orð eru rituð, okt. 2021).

Björgunarsveitin á endurvarpa fyrir Tetra.

Tölvusamskipti: Workplace, Teams, fjarvera

Á meðan hamfarirnar eru ekki verri en svo að internetsamband er virkt (a.m.k. á farsímaneti), eru tölvusamskipti fjölhæfust og einföldust. Sjá umfjöllun á blaðsíðu 13.

Heilbrigðisstofnunin er einnig með umfangsmikinn aðgang að samskiptalausnum Microsoft Office, til dæmis Teams. Fjarfundabúnaður er í fundaherbergi og hægt að tengjast með sínum og fartölvum.

Lykilorð og auðkenni fyrir þráðlaust net eru á blaði innan á hurð í fundarsal á heilsugæslu.


Á sama blaði er notandanafn og lykilorð fyrir tölvu í fundasal.

Fjarfundabúnaður (myndavél, hljóðnemi og hátalari auk skjás) er í fundaherbergi.

Fjarvera (Beam-róbóti frá Sutable tech) er á ganginum, sjá mynd. Veita þarf aðgang inn á hann sem sendur er með tölvupósti. Einhver sem er með aðgang að kerfinu getur skráð sig inn á suitabletech.com og boðið notendum að taka yfir róbóttinn. Hægt er að stýra róbótanum bæði úr snjallsíma og tölvu.




10. Kort og myndir



Mynd 6: Svæðið sem áætlunin tekur til; Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur




Mynd 7: Helstu staðir á Patreksfirði



Mynd 8: Byggðakjarnar, fjallvegir og flugvöllurinn



Mynd 9: Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins



Mynd 10: Sjúkrahúsið á Patreksfirði

Mynd 11: Heilsugæslan. Aðsetur viðbragðsstjórnar er í fundarherberginu lengst til vinstri í grænum ramma, biðstofa í bláum ramma



11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á heimasíðu HVEST: www.hvest.is og í skjalasafni Workplace (í hópnum *Allir HVEST*)

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Tölvukerfi HVEST: My computer - Sameign on 'ISAFJ'-server (S:) - HÓPSLYS

Innan stofnunar	Eintök
Viðbragðsstjórn, skrifstofa hjúkrunarstjóra	3
Móttökuritari – með símaskrá starfsmanna	1
Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu	1
Heilsugæslusel á Tálknafirði	1
Heilsugæslusel á Bíldudal	1
Deildarstjóri legudeildar	1
Skrifstofur meðlima í framkvæmdastjórn á Ísafirði	5

Utan stofnunar	
Aðgerðastjórnstöð umdæmis	1
Lögreglustjóri á Ísafirði	1
Lögreglustöð á Patreksfirði	1
Samhæfingarstöðin (1 stk prentað og vistuð rafrænt í tölvum heilbrigðisstarfsmanna Stöðvarinnar)	1
Almannavarnadeild RLS	1
Landlæknir	1

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar/breytingar	Fært inn af:
1. útgáfa	Nóvember 2021	Ný áætlun, mikið breytt unnin út frá áætlun fyrir norðursvæði	GRF/GÓ/HGJ o.fl.

13. Tegundir slysa

Flugslys: Sjá flugslysaáætlun frá 2018, útgáfa 2.0. Sjá hlutverk stofnunarinnar á blaðsíðum 48 og 49, útdráttur hér fyrir neðan:

Útgáfa 2.0 13.09.2018

8.9 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði

ÓVISSUSTIG

Hefur ekki hlutverk á óvissustigi

HÆTTUSTIG

1. Sendir greiningarsveit með bifreið vaktlæknis og sendibifreið sjúkrahúss í viðbúnaðarstöðu á flugvelli. Greiningarsveitin tekur með sér stórslysabúnað, hlífðarföt og nauðsynlegar merkingar og gefur sig fram við vettvangsstjóra þegar hann kemur
2. Undirbýr sjúkrahús til móttöku samkvæmt hópslysaáætlun
3. Yfirfer búnað, birgðir og áhöld til hópslysamóttöku
4. Tryggir fjarskiptasamband við aðgerðarstjórn

NEYÐARSTIG-LAND

1. Boðar hópslysastjórn
2. Sendir greiningarsveit með bifreið vaktlæknis og sendibifreið sjúkrahúss til söfnunarsvæðis slasaðra. Stjórnandi greiningarsveitar gefur sig fram við vettvangsstjóra og fær nauðsynlegar merkingar, tekur að sér stjórn greiningar, fyrstu hjálpar og umönnunar þolenda á söfnunarsvæði slasaðra. Sjá einnig um forgangs röðun í sjúkraflutningstæki og um ákvörðunarstað til framhaldsmeðferðar þeirra
3. Annað starfsfólk sjúkrahúss undirbýr móttöku og umönnun þolenda, sem send verða á sjúkrahúsið
4. Yfirfer búnað, birgðir og áhöld til hópslysamóttöku og kemur tafarlaust boðum um það sem vanta muni til hópslysamóttökunnar
5. Tryggir fjarskiptasamband við aðgerðarstjórn

NEYÐARSTIG – SJÓR

1. Boðar hópslysastjórn.
2. Sendir greiningarsveit með bifreið vaktlæknis og sendibifreið sjúkrahúss á lendingarstað björgunarbáta
3. Starfrækir sjúkrahúsið sem söfnunarsvæði slasaðra

8.10 Sjúkrabifreið Patreksfjarðar

ÓVISSUSTIG

Hefur ekki hlutverk á óvissustigi

HÆTTUSTIG

1. Sjúkrabifreið send í viðbragðsstöðu á Bíldudalsflugvelli
2. Tiltækar sjúkrabörur teknar með
3. Tiltækur skyndihjálparbúnaður tekin með

NEYÐARSTIG-LAND

1. Sjúkrabifreið send á slysstað til sjúkraflutninga á SSS og / eða sjúkrahús eftir mati lækis
2. Tiltækar sjúkrabörur teknar með
3. Tiltækur skyndihjálparbúnaður tekinn með

NEYÐARSTIG - SJÓR

1. Sjúkrabifreið send að lendingarstað björgunarbáta með tiltækan búnað til skyndihjálpar

Rútuslys: Með sífjölgaðri komum skemmtiferðaskipa, hefur rútuferðum með farþega um nágrennið fjölgað mikið. Sérstaklega eru ferðir yfir Dynjandisheiði Dynjanda hættulegar. Rútuslys á þeirri leið yrði leyst eins og við flugslys, nema að fleira starfsfólk þyrfti á slysstaðinn sjálfan og að flytja þyrfti alla af slysstað í bílum á Ísafjarðarflugvöll eða HVEST og síðan í flug og með þrylurum beint af slysstað og suður. Útkallshópar hjá 112: Viðbragðsstjórn –Hópslys 2.

Snjóflóð: Hættumat, snjóflóðavarnir, snjóflóðæftirlit og rýmingarreglur húsa í dag eru með þeim hætti, að áhættan á því að fjöldi manns lendi í snjóflóði er lítil. Því er líklegast að það sé skíða- og sleðafólk sem lendir í flóði og fjöldi takmarkaður við 1-4. Að fenginni reynslu, eftir snjóflóðin í Súðavík og Flateyri 1995, er ljóst að þeir sem á annað borð lifa flóðið af, eru líklegast í eftirfarandi ástandi og með eftirfarandi áverka, fyrir utan ofkælingu:

- ☐ Öndunar- og/eða hjartastopp
- ☐ Skrámur, afrifur og misdjúp sár eftir brak
- ☐ Liðhlaup
- ☐ Brot á útlimum, rifjum eða mjaðmagrind
- ☐ Kviðarholsáverka

Utan þéttbýlis og alfaraleiðar, þar sem 1-2 hafa lent í snjóflóði, er líklegast að vaktlæknir yrði kallaður til og færi með björgunarsveit og sjúkraflutningamönnum á slysstað. Gera skal ráð fyrir sjúkrabúnaði frá sjúkrabíl á slysavettvangi.

Snjóflóð í byggð og/eða með mörgum gröfnum kallar á virkjun 5-6 manna greiningarsveitar og undirbúning að móttöku slasaðra á slysstofu og svo til innlagnar á legudeild. Gert er ráð fyrir því að aðstandendur týndra leiti til Söfnunarsvæðis aðstandenda hjá viðkomandi Rauðakrossdeild, en geti

verið í athvarfi aðstandenda á heilsugæslu eða matsal starfsfólks á Patreksfirði ef þörf er á. Sálræn skyndihjálp er veitt í Fjöldahjálparstöð Rauða kross deildarinnar á Fosshóteli.

Efnaslys: Í fiskeldi er notað talsvert af sterkum hreinsiefnum, t.d. maurusýru. Hér er vísað til *Landsáætlunar CBRNE*. Útgáfa 2.0 kom út í janúar 2020. Áætlunin tekur til slysa og lýðheilsuáhrifa vegna efna, sýkla, geislavirkra efni eða efna með sprengihættu (Chemical, Biological, Radiological, Nuclear, Explosives).